

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Jónsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 1.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 4/1961. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn

Jóni Haukdal Þorgeirssyni
(Sigurður Baldursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og ýmis önnur gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við önnur gögn málsins og rannsókn á blóði, sem tekið var úr honum og ekki þykir ástæða til að vefengja, er sannað, að hann hafi um kl. 11.30 þriðjudaginn 12. júlí 1960 ekið bifreið með áfengisáhrifum, sem svöruðu til, að í blóði hans voru reducerandi efni, er samsvara 1.38% af alkóhóli.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið, þykir samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaganna hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Þá ber og samkvæmt 45. gr. áfengislaganna og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaganna að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár alls.

Þá ber ákærða og að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Haukdal Þorgeirsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Dagfinnssonar og Sigurðar Baldurssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 24. september 1960.

Mál þetta, sem er þingfest 17. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Haukdal Þorgeirssyni vélstjóra, Höfðakaupstað, fyrir brot, er þykir varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Jón Haukdal Þorgeirsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Þingeyri 14/8 1923.

Hann hefur sætt ákærum og refsingu sem hér segir:
1943 16/9 Hafnarfirði. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á bifreiðal.

1946 11/3 Hafnarf. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 11. júlí 1960 var haldinn dansleikur í Höfðakaupstað, en ákærði var þar ekki, heldur heima hjá sér, en kona hans var á skemmtuninni. Klukkan um fjögur um nóttina, er konan var komin heim og þau hjónin nýháttuð og sofnuð, komu gestir heim til þeirra, er svo sátu að sumbli fram að hádegi daginn eftir. Um kl. 11.30 ók ákærði manni niður á bryggju. Heldur ákærði því fram, að þá hafi hann aðeins verið búinn að smakka áfengi. Kom lögreglumaður að honum í bifreiðinni og fann af honum vínlykt. Ákærði fór svo með lögregluþjóninum til lækis, er tók af honum blóðprufu, sem við rannsókn í rannsóknarstofu Jóns Steffensens reyndist hafa inni að halda reducerandi efni, er samsvöruðu 1.38% af alkóhóli, og telst ákærði því hafa verið óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ákærði hefur ekki óskað að fá sér skipaðan verjanda í málinu.

Þar sem ákærði var staðinn að því að aka bifreið undir áhrifum áfengis og áfengismagnið í blóði hans reyndist vera svo mikið, sem að framan greinir, hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði umferðarlaga og áfengislaga, sem tilfærð eru hér að framan úr ákæruskjali dómsmálaráðherra. Ber því að dæma ákærða til greiðslu sektar, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin kr. 800.00 með hliðsjón af mjög erfiðum fjárhag ákærða, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Jafnframt sé hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá og með 12. júlí þ. á. að telja. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Haukdal Þorgeirsson vélstjóri, Höfðakaupstað, sæti 800 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Jafnframt er hann sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá og með 12. júlí þ. á. að telja.

Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.